

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1895

2021/EES/71/01

frá 7. nóvember 2019

um að viðurkenna nokkrar eyjar í Portúgal sem lausar við varróaveiki og um breytingu á
viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/503/E

(tilkynnt með númeri C(2019) 7905) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísam sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE er kveðið á um að ef aðildarríki telur að yferráðasvæði þess eða hluti af yferráðasvæði þess sé laus við einn eða fleiri þeirra sjúkdóma sem eru skráðir í viðauka B við tilskipunina eigi það að leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi gögn sem eiga að liggja til grundvallar samþykkt á ákvörðun þar sem viðurkennt er að aðildarríkið eða hluti af yferráðasvæði þess sé laust við sjúkdóm(a) og skilgreindar viðbótarábyrgðir við viðskipti sem kann að vera krafist.
- 2) Varróaveiki í býflugum er á skrá í viðauka B við tilskipun 92/65/EBE með eldra heiti sínu „varroasis“ og í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB ⁽²⁾ hafa nokkur yferráðasvæði í aðildarríkjunum þegar verið viðurkennd sem laus við varróaveikina. Þessi yferráðasvæði eru skráð í viðaukann við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB ásamt viðbótarábyrgðum við viðskipti.
- 3) Portúgal fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún viðurkenndi eyjarnar Corvo, Graciosa, São Jorge, Santa Maria, São Miguel og Terceira í eyjaklasanum Azoreyjar sem lausar við varróaveiki, fór fram á að viðbótarábyrgðir við viðskipti, sem samsvara þeim sem eru í framkvæmd í landinu, yrðu skilgreindar og lagði fram viðeigandi ítarleg gögn, sem eru skilgreind í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE, til að rökstyðja beiðni sína.
- 4) Í ljósi ítarlegu gagnanna sem Portúgal lagði fram ætti að líta svo á að eyjarnar Corvo, Graciosa, São Jorge, Santa Maria, São Miguel og Terceira séu yferráðasvæði Portúgal sem eru laus við varróaveiki og skrá þær í viðaukann við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB ásamt viðbótarábyrgðum við viðskipti.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2019, ESB L 291, 12.11.2019, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stj. 1992, EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

⁽²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB frá 11. október 2013 um að viðurkenna hluta Sambandsins sem lausa við varróaveiki í býflugum og um viðbótarábyrgðir sem krafist er vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til að vernda sjúkdómslausa stöðu þeirra að því er varðar varróaveiki (Stj. 2013, ESB L 273, 15.10.2013, bls. 38).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi færslu skal bætt inn í töfluna sem mælt er fyrir um í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB, á milli færslunnar fyrir Finnland og færslunnar fyrir Breska konungsríkið í þeirri töflu:

PT	Portúgal	Eyjan Corvo	PT01300 FLORES (SANTA CRUZ)	Býflugur (<i>Apis mellifera</i>) á öllum stigum lífsferils þeirra, þ.m.t. sveimar, drottningar, sambú og notaðar býkúpur og rammar
		Eyjan Graciosa	PT05200 GRACIOSA (SANTA CRUZ DA GRACIOSA)	
		Eyjan São Jorge	PT02700 SAO JORGE (VELAS)	
		Eyjan Santa Maria	PT02500 SANTA MARIA (VILA DO PORTO)	
		Eyjan São Miguel	PT02600 SAO MIGUEL (PONTA DELGADA)	
		Eyjan Terceira	PT02800 TERCEIRA (ANGRA DO HEROISMO)	

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.
